

## Verðmæti seldra framleiðsluvara 2010

*Value of sold production 2010*

**Samantekt** Verðmæti seldra framleiðsluvara árið 2010 var 666 milljarðar króna sem er aukning um tæplega 92 milljarða króna eða 16% frá árinu 2009. Á sama tíma hækkaði vísitala framleiðsluverðs um 11,7% og hefur því verðmæti seldra framleiðsluafurða aukist um 4,3% að raungildi. Framleiðsla málma og framleiðsla á fiskafurðum vega sem fyrr þyngst, þannig nam framleiðsla málma 37,1% af heildarverðmæti árið 2010 og framleiðsla fiskafurða 32,5%. Verðmæti seldra framleiðsluvara án fiskafurða og framleiðslu málma nam tæpum 203 milljörðum króna á síðasta ári og jókst um rúma 19 milljarða eða um 10,5% frá fyrra ári.

### Iðnaðarskýrslur

**Um skýrslugerðina** Hagstofa Íslands hefur tekið saman tölur yfir seldar framleiðsluvörur á Íslandi árið 2010. Grundvöllur söfnunar og úrvinnslu upplýsinganna er vöruskrá Evrópu-sambandsins, PRODCOM, en með henni er hægt að bera saman iðnaðarframleiðslu hérlendis í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Upplýsingum var safnað um magn og verðmæti seldrar framleiðsluvöru. Að auki var upplýsingum safnað um veitta þjónustu sem í vöruskránni er flokkuð sem framleiðsla, þar með talið sérhæfð viðgerðarþjónusta.

**Þátttakendur** Gagnasöfnun nær til þeirra iðnfyrirtækja sem samkvæmt virðisaukaskýrslum voru árið 2010 með yfir 90% af veltu hvernar deildar þeirra atvinnugreina sem eru skilgreindar sem framleiðslugreinar. Alls fengu 570 fyrirtæki sent eyðublað til útfyllingar. Fyrirtækjum í fiskvinnslu var ekki send skýrsla þar sem upplýsingar um söliverðmæti fiskvinnslu fengust úr tollskýrslum. Einnig eru notaðar tölur úr útflutningsskýrslum til nálgunar á álframleiðslu og framleiðslu á járnblendi. Alls veittu 381 fyrirtæki fullnægjandi upplýsingar um seldar framleiðsluvörur; 29 fyrirtæki reyndust ekki vera í iðnaðarframleiðslu en seld framleiðsla annarra fyrirtækja var áætluð út frá veltu samkvæmt virðisaukaskattskýrslum og hliðsjón höfð af starfsemi sambærilegra fyrirtækja sem skiluðu upplýsingum. Velta fyrirtækja sem skiluðu nothæfum upplýsingum er áætluð um 91% af heildarveltu þeirra fyrirtækja sem leitað var til (miðað við veltu vegna seldra framleiðsluvara). Velta þeirra 570 fyrirtækja sem Hagstofa Íslands leitar nú til er áætluð um 98% af heildarveltu fyrirtækja í öðrum iðnaði en framleiðslu fiskafurða og álframleiðslu.

**Reglur um birtingu talna** Í töflum eru birtar upplýsingar um heildarverðmæti seldrar framleiðsluvöru fyrir hvert tveggja stafa ÍSAT2008 atvinnugreinanúmer. Heildarverðmæti er því næst sundurliðað niður á þriggja til níu stafa PRODCOM vörunúmer. Verðmæti þeirra vörutegunda sem ekki eru sérstaklega sundurliðaðar er lagt saman og birt undir safnliðnum „Aðrar vörur ótilgreindar annars staðar“.



Reglur Hagstofu Íslands um upplýsingaleynd og trúnað við einstök fyrirtæki koma í veg fyrir birtingu á sundurliðuðum niðurstöðum nema að höfðu samráði við hlutaðeigandi framleiðendur. Reglur um upplýsingaleynd eiga við þegar færri en þrjú fyrirtæki framleiða tiltekna vörutegund, þegar eitt fyrirtæki er með yfir 85% hlutdeild í framleiðslu eða þegar tvö fyrirtæki hafa yfir 90% hlutdeild.


### Verðmæti seldrar framleiðslu

4,3% aukning að raungildi

Verðmæti seldra framleiðsluvara var 666 milljarðar króna árið 2010 en var 574 milljarðar króna árið 2009 sem er 16% aukning milli ára. Á sama tíma hækkaði vísitala framleiðsluverðs um 11,7% og hefur því verðmæti seldra framleiðsluafurða aukist um 4,3% að raungildi. Eftir atvinnugreinum vegur framleiðsla á matvælum og drykkjarvörum sem fyrr þýngst, nam 303 milljörðum árið 2010 og voru þar af 216 milljarðar vegna framleiddra fiskafurða. Framleiðsla málma var 37,1% af verðmæti árið 2010 og nam rúmlega 247 milljörðum króna. Verðmæti seldra fiskafurða og málma nam samtals rúmum 463 milljörðum árið 2010 eða tæplega 70% af verðmæti seldra framleiðsluvara árið 2010. Verðmæti seldra framleiðsluvara án fiskafurða og framleiðslu málma jókst um 10,5% frá fyrra ári, úr 184 milljörðum króna árið 2009 í 203 milljarða króna árið 2010.

### Mynd 1. Verðmæti seldra framleiðsluvara, án fiskvinnslu og framleiðslu málma 2009 og 2010

Figure 1. Value of sold production, excluding fish production and manufacturing of basic metals 2009 and 2010



Verðmæti útfluttra fiskafurða jókst um 8%

Útflutningsverðmæti framleiddra fiskafurða voru rúmlega 216 milljarðar króna árið 2010 sem er tæp 8,1% aukning frá árinu 2009 þegar fluttar voru út sjávarafurðir fyrir rúmlega 200 milljarða króna. Á sama tíma dróst magn útfluttra fiskafurða saman um 3%, úr 616 þúsund tonnnum árið 2009 í 597 þúsund tonn árið 2010.

Útflutningsverðmæti framleiddra málma var um 247 milljarðar króna árið 2010 sem er um 29,5 % aukning samanborið við 191 milljarð árið 2009.

*Aukning í framleiðslu á  
tölvu-, rafeinda- og  
optískum vörum*

Eftir deildum atvinnugreina jókst verðmæti seldra framleiðsluvara hlutfallslega mest í framleiðslu á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum, um rúmlega 5,9 milljarða króna eða 171% á milli ára. Verðmæti framleiðslu annarra ótalinna véla og tækja jókst um rúmlega 2,4 milljarða á milli ára eða um 19,8% frá fyrra ári. Framleiðsla, ótalin annars staðar jókst um 16% á milli ára sem og framleiðsla á fatnaði, leðri og leðurvörum. Í framleiðslu á matvælum og drykkjarvörum, án fiskafurða, nam aukningin rúmlega 8,4 milljörðum eða 10,7% þar sem verðmæti seldrar framleiðslu jókst úr rúmlega 78 milljörðum árið 2009 í tæpa 87 milljarða árið 2010.

Milli áráanna 2009 og 2010 varð samdráttur hlutfallslega mestur í nám og vinnslu hráefna úr jörðu, þar sem verðmæti seldra framleiðsluvara dróst saman um 304 milljónir króna eða um 13,8% samanborið við árið 2009. Verðmæti framleiðslu á vörum úr málmlausum steinefnum dróst saman um rúm 12% þar sem verðmæti seldrar framleiðslu lækkaði um tæplega 1,2 milljarð á milli ára.

### **English summary**

The total value of sold production in 2010 amounted to 666 billion ISK, which was an increase of 92 billion ISK or 16% from previous year. At the same time the Producer Price Index increased by 11.7% which means that the total value of sold production increased by 4.3% in real terms. As in previous years, fish products and basic metals have the highest proportion, with fish products accounting for 32.5% of the total value and basic metals for 37.1%. The value of sold production with fish production and manufacturing of basic metals excluded accounted for 203 billion ISK compared to 184 billion ISK in 2009.

**Tafla 1. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara 2009–2010**

Table 1. Value of sold production 2009–2010

		2009		2010	
		Verðmæti, millj. kr Value, mill. ISK	%	Verðmæti, millj. kr Value, mill. ISK	%
<b>Alls Total</b>		<b>574.422</b>	<b>100,0</b>	<b>666.119</b>	<b>100,0</b>
<b>Heildarverðmæti seldrar framleiðsluvara án sjávarafurða og framleiðslu málma</b>					
<b>Total value of sold production excluding fish production and basic metals</b>		<b>183.555</b>	<b>32,0</b>	<b>202.808</b>	<b>30,4</b>
08	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu <i>Other mining and quarrying</i>	2.212	0,4	1.908	0,3
10/11	Matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla <i>Manufacture of food products and beverages</i>	278.529	48,5	303.051	45,5
	Þar af fiskarafurðir <i>There of fish production</i>	200.073	34,8	216.186	32,5
13	Framleiðsla á textílvörum <i>Manufacture of textiles</i>	2.897	0,5	2.912	0,4
14/15	Framleiðsla á fatnaði, leðri og leðurvörum <i>Manufacture of wearing apparel and leather products</i>	1.050	0,2	1.217	0,2
16	Framleiðsla á við og viðarvörum <i>Manufacture of wood and of products of wood</i>	1.940	0,3	2.098	0,3
17	Framleiðsla á pappír og pappírsvöru <i>Manufacture of paper and paper products</i>	2.560	0,4	2.409	0,4
18	Prentun og fjölföldun upptekins efnis <i>Printing and reproduction of recorded media</i>	8.412	1,5	8.874	1,3
20/21	Framleiðsla á efnum og efnavörum; lyfjum <i>Manufacture of chemicals and chemical products</i>	11.967	2,1	13.158	2,0
22	Framleiðsla á gúmmi- og plastvörum <i>Manufacture of rubber and plastic products</i>	6.025	1,0	6.545	1,0
23	Framleiðsla á vörum úr málmausum steinefnum <i>Manufacture of other non-metallic mineral products</i>	9.726	1,7	8.560	1,3
24	Framleiðsla málma <i>Manufacture of basic metals</i>	190.794	33,2	247.125	37,1
25	Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði <i>Manufacture of fabricated metal products, except machinery and equipment</i>	11.284	2,0	11.382	1,7
26/27	Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum; rafbúnaði <i>Manufacture of computer, electronic and optical products and equipment</i>	3.479	0,6	9.428	1,4
28	Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum <i>Manufacture of machinery and equipment n.e.c.</i>	12.297	2,1	14.732	2,2
29/30	Framleiðsla á farartækjum <i>Manufacture of transport equipment</i>	1.744	0,3	1.757	0,3
31	Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum <i>Manufacture of furniture</i>	3.288	0,6	3.623	0,5
32	Önnur framleiðsla <i>Other manufacturing</i>	6.179	1,1	7.169	1,1
33	Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja <i>Repair and installation of machinery and equipment</i>	20.039	3,5	20.171	3,0

**Skýringar** Notes: Notast er við útflutningstölur til nálgunar á verðmæti framleiddra málma og fiskafurða. Export figures are used as a proxy for fish products and for the production of basic metals.

**Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2010**  
*Table 2. Sold production 2010*

Prodcom		Eining		Fjöldi	Magn	Verðmæti,
		Units	Number	Quantity	Value,	mill. ISK
<b>08</b>	<b>Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu</b>	.	..			<b>1.907,9</b>
<b>10/11</b>	<b>Matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla</b>					<b>303.050,9</b>
101111	Nýtt eða fryst nautgripakjöt	kg	10	2.189.762	1.661,3	
101112	Nýtt eða fryst svínakjöt	kg	10	933.192	666,0	
101113	Nýtt eða fryst lamba- og kindakjöt	kg	12	6.685.594	5.413,1	
101115	Nýtt eða fryst hrossakjöt	kg	9	659.423	252,3	
101139	Annað nýtt, kælt eða fryst kjöt og innmatur	.	6	..	167,5	
1012	Nýtt eða fryst kjöt af hænsnum og kjúklingum	kg	5	7.066.915	4.825,2	
101311	Svínakjöt, reykt saltað eða þurrkað	kg	8	1.128.598	1.004,6	
101313002	Lamba- og kindakjöt, reykt, saltað eða þurrkað	kg	8	489.311	729,1	
101313009	Annað kjöt, reykt, saltað eða þurrkað	kg	7	94.807	68,1	
101314	Pylsur	kg	5	1.341.489	1.185,0	
101315150	Aðrar unnar vörur úr dýralifur, s.s. lifrarkæfa og lifrarpaté	kg	4	305.857	231,2	
101315450	Unnið kjöt og kjötvörur úr svínakjöti	kg	10	3.211.556	3.043,7	
101315850	Unnið kjöt og kjötvörur úr nauta- og kálfakjöti	kg	13	2.174.277	2.217,4	
101315951	Unnið kjöt og kjötvörur úr lamba- og kindakjöti	kg	12	1.452.055	1.630,1	
101315959	Aðrar unnar vörur úr kjöti eða innmat	kg	8	1.550.259	1.266,1	
102011000	Fersk fiskflök og annar beinlaus fiskur	tonn	..	25.709	29.721,5	
102012000	Fersk fisklifur og hrogn	tonn	..	31	34,0	
102013300	Heilfrystur sjávarfiskur	tonn	..	175.630	34.648,9	
102014000	Fryst fiskflök	tonn	..	77.045	40.332,9	
102015000	Frystur beinlaus fiskur, t.d. gellur	tonn	..	63.642	12.881,2	
102016000	Fryst fisklifur og hrogn	tonn	..	11.790	7.416,3	
102021000	Fiskflök, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi, en ekki reykt	tonn	..	22.705	15.770,3	
102022000	Fin- og grófmalað fiskmjöl og fiskköggjar, hæft til manneldis; fisklifur og hrogn; þurrkuð, reykt, söltuð eða í saltlegi	tonn	..	3.516	3.446,2	
102023000	Þurrkaður fiskur, saltaður og ósaltaður; saltaður en óþurrkaður fiskur; fiskur í saltlegi (þó ekki reykt fiskflök)	tonn	..	43.111	25.520,7	
102024200	Reyktur lax (einnig í flökum)	tonn	..	109	219,1	
102024800	Reyktur fiskur (einnig í flökum) (þó ekki lax og síld)	tonn	..	487	493,5	
102025100	Unnar vörur úr laxi í heilu eða stykkjum; þó ekki hakkaður lax	tonn	..	3	5,9	
102025200	Unnar vörur úr síld í heilu eða stykkjum; þó ekki hökkuð síld	tonn	..	12	8,9	
102025800	Unnar vörur úr öðrum fiski (þó ekki fiskstautar)	tonn	..	4	4,5	
102025900	Unnar vörur úr fiski (þ.m.t. pylsur og kæfa úr fiski, jafnblandaður fiskur, unnið mjöl og hakk)	tonn	..	2.193	1.298,2	
102026600	Kaviarliki	tonn	..	1.205	2.610,7	
102031000	Fryst krabbadýr; fryst mjöl og köggjar úr krabbadýrum; hæft til manneldis	tonn	..	2.467	3.721,3	
102032000	Frystur hörpudiskur og kræklingur; þurrkaður, saltaður eða í saltlegi	tonn	..	2	0,6	
102033000	Aðrir vatnahryggleysingjar: frystir, þurrkaðir eða saltaðir	tonn	..	903	344,8	
102034000	Unnar afurðir úr krabbadýrum, lindýrum o.þ.h.	tonn	..	13.864	11.109,2	
102041000	Mjöl, gróf- og finmalað, og köggjar úr fiski eða úr krabbadýrum, lindýrum og öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis	tonn	..	67.678	14.113,9	
102042000	Óætar fiskafurðir, þ.á m. fiskur til beitu og fôðurs	tonn	..	47.323	1.070,8	
1031/1039	Kartöflur unnar og varðar skemmdum / Ávextir og grænmeti unnið og varið skemmdum	kg	6	3.330.741	1.707,2	
104112000	Feiti og olíur og þættir þeirra unnar úr fiski eða sjávarspendýrum (þó ekki efnafræðilega umbreyttar)	tonn	..	58.427	10.886,9	
107111000	Nýtt brauð	.	47	..	5.255,2	
107112000	Kökur og sætabrauð; aðrar bakarísvörur blandaðar sætuefnum	.	45	..	2.813,1	
10721	Tvíbökur og kex; geymsluþolið sætabrauð og kökur	.	37	..	985,9	
1082	Framleiðsla á súkkulaði og sælgæti; kakói	kg	8	3.844.665	3.880,9	

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2010 (frh.)  
Table 2. Sold production 2010 (cont.)

Prodcom		Eining	Fjöldi	Magn	Verðmæti, millj. kr. <i>Value,</i> <i>mill. ISK</i>
		<i>Units</i>	<i>Number</i>	<i>Quantity</i>	
108311	Brennt kaffi	kg	3	1.030.020	1.127,7
1084	Framleiðsla á bragðefnum og kryddi	.	7	..	1.007,0
1091/1092	Húsdýra- og fiskeldisfóður; Gæludýrafóður	.	6	73.023.970	5.201,7
1105	Bjór, pilsner og malt	1	5	19.249.515	}12.905,4
1107	Vatn og gosdrykkir	1	4	66.962.331	
	Aðrar vörur ót.a.s. (þ.m.t. mjólkurafurðir)				28.145,8
<b>13</b>	<b>Framleiðsla á textílvörum</b>				<b>2.912,5</b>
1394	Kaðlar, seglgarn og fiskinet	.	10	..	1.889,9
	Aðrar vörur ót.a.s.				1.022,6
<b>14/15</b>	<b>Framleiðsla á fatnaði, leðri og leðurvörum</b>	.	<b>15</b>	..	<b>1.217,2</b>
<b>16</b>	<b>Framleiðsla á við og viðarvörum</b>	.	<b>26</b>	..	<b>2.097,6</b>
<b>17</b>	<b>Framleiðsla á pappír og pappírsvöru</b>	.	<b>5</b>	..	<b>2.409,0</b>
<b>18</b>	<b>Prentun og fjölföldun upptekins efnis</b>	.	<b>29</b>	..	<b>8.874,2</b>
<b>20/21</b>	<b>Framleiðsla á efnum og efnavörum; lyfjum</b>	.	<b>19</b>	..	<b>13.157,8</b>
<b>22</b>	<b>Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum</b>				<b>6.544,6</b>
221	Framleiðsla á gúmmívörum	.	3	..	369,6
222	Framleiðsla á plastvörum	.	19	..	6.175,0
<b>23</b>	<b>Framleiðsla á vörum úr málmausum steinefnum</b>				<b>8.560,0</b>
231	Framleiðsla á gleri og vörum úr gleri	.	5	..	1.089,6
236	Framleiðsla á vörum úr steinsteypu, sementi og gífsi	.	11	..	2.935,8
239912/13	Malbik og vörur úr asfalti	.	4	..	2.622,5
	Aðrar vörur ót.a				1.912,1
<b>24</b>	<b>Framleiðsla málma</b>				<b>247.124,8</b>
241012300	Kísiljárn	tonn	1	114.231	18.791,2
241012900	Annað járnblendi, ót.a.s.	tonn	1	5.601	1.547,6
244211300	Hreint, óunnið ál	tonn	3	812.980	222.434,6
244223300	Vír úr hreinu áli	tonn	1	12.823	3.743,4
	Aðrar vörur ót.a.s.				608,1
<b>25</b>	<b>Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði</b>	.	<b>102</b>	..	<b>11.382,2</b>
<b>26/27</b>	<b>Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum; rafb. og heimilist.</b>	.	<b>23</b>	..	<b>9.428,4</b>
<b>28</b>	<b>Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum</b>	.	<b>33</b>	..	<b>14.732,4</b>
<b>29/30</b>	<b>Framleiðsla á farartækjum</b>	.	<b>13</b>	..	<b>1.756,8</b>
<b>31</b>	<b>Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum</b>	.	<b>33</b>	..	<b>3.623,1</b>
<b>32</b>	<b>Framleiðsla, ót.a.s.</b>	.	<b>14</b>	..	<b>7.168,8</b>
<b>33</b>	<b>Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja</b>	.	<b>115</b>	..	<b>20.170,6</b>



**Hagtiðindi Iðnaður**  
**Statistical Series Manufacturing**

96. árg. • 37. tbl. 2011:1

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-455X (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4568 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Stefán Sigurðsson • stefan.sigurdsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

upplysadeild@hagstofa.is

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)